

## ✉ Re: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032-1901286

Búið til	30.11.2021 13:25:05
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	30.11.2021 13:25:04
Tilheyrir	📁 202111-0022 - Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032-1901286

### Efni

Re: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032-1901286

### Upplýsingar

Sent	30.11.2021 13:25:04	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	skipulag@hvalfjardarsveit.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillöguna:

Tilvísun í mál nr. 202109-0029 (LA, BK).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, dags. 10. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem verður kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir vinnslutillöguna með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Á bls. 9 er sett fram megin stefna og markmið aðalskipulagsins, en þar stendur: „*Megin stefna sveitarstjórnar er að vera ávallt í fremstu röð varðandi verndun umhverfis og náttúru, skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða.*“ og markmið með gerð aðalskipulags er að stuðla að „*skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi*“ sbr. 1. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, lið b. Náttúrufræðistofnun telur stefnu og markmið sveitarfélagsins jákvæða og metnaðarfulla og vonast til að þeim verði framfylgt.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur að í tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar megi gera betur grein fyrir verndarsvæðum innan sveitarfélagsins þ.e. svæðum innan náttúruminjaskrá (Náttúruminjaskrá (ni.is) (<https://natturuminjaskra.ni.is/>), Umhverfisstofnun | Vesturland (ust.is) (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>)). Mörg þessara svæða eru hverfisvernduð innan sveitarfélagsins s.s. Hafnarskógur og Melabakkar, en t.d. Botnsdalur kemur ekki fram á skipulagsuppdætti. Þá er ekki fjallað um tillögur um verndarsvæði í framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta) sem Náttúrufræðistofnun lagði til 2018 og eru til skoðunar. Ekki heldur er fjallað um svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) (Sérstök vernd náttúruyfyrirbæra (ni.is) (<https://serstokvernd.ni.is/>)). Náttúrufræðistofnun telur að innan svæða á náttúruminjaskrá og náttúruminja sem njóta sérstakrar verndar eigi ekki að skipuleggja frístundabyggð eða skógræktarsvæði sem breyta vistkerfum og ásjón lands. Eins er mjög æskilegt að takmarka eða loka efnistökusvæðum sem eru innan þessara svæða.

#### Frístundabyggð:

Tillagan gerir ráð fyrir mikilli fjölgun frístundabyggða innan sveitarfélagsins eins og sjá má í töflu 3. Frístundabyggðir raska yfirborði svæða, breyta vistgerðum og ásjón lands. Á bls. 14 stendur „Ný frístundasvæði verði ekki stærrí en 30 ha innan hverrar jarðar“ ekki er séð að þessu sé fylgt eftir þar sem margar frístundalóðirnar eru vel yfir 30 ha að stærð. Ekki er æskilegt að frístundabyggð sé skipulögð innan náttúruverndarsvæða. Utan þeirra er ákjósanlegast að frístundabyggð sé skipulögð á lítt grónum svæðum, í halla eða innan skógræktarsvæða til að takmarka búsvæðatap vaðfugla.

#### Skógræktarsvæði:

Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun skógræktarsvæða innan sveitarfélagsins. Út frá töflu 9 má sjá að samningsbundin skógræktarsvæði (SL2-SL13) eru samtals um 1272 ha og fyrirhuguð skógræktarsvæði um 220 ha. Þar að auki eru heimildir til skógræktar innan landbúnaðarlands (L2).

Á bls. 50 er fjallað um „birkiskógarvistkerfi“ sem njóta verndar. Rétt er að í 61 gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd stendur að „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“ njóta verndar. Náttúrufræðistofnun telur að um misskilning sé að ræða þegar nefnt er að heimilt sé að gróðursetja íslenskar trjátegundir og plöntur í birkiskóga sem njóta sérstakrar verndar þar sem markmiðið er að vernda sérstakt og vistfræðilegt mikilvægi skóganna. Þetta þarf að skoða betur.

Náttúrufræðistofnun telur ekki æskilegt að skógræktarsvæði séu skipulögð innan náttúruverndarsvæða og utan þeirra er ákjósanlegast að skógrækt fari fram á lítt grónum svæðum og/eða í halla til að takmarka búsvæðatap vaðfugla sem hörfa undan skóglendi. Sérstaklega skal forðast að rækta skóg í eða í grennd við votlendi.

#### Iðnaðarsvæði:

Á Grundartanga eru umfangsmikil iðnaðarsvæði og á skipulagstímabilinu verða takmarkanir vegna þynningarsvæðis endurskoðaðar samhliða endurnýjun starfsleyfa á svæðinu. Fram kemur á bls. 33 að gert sé ráð fyrir að þynningarsvæði sem sjónd eru á uppdrætti verði felld út samhliða endurnýjun starfsleyfa. Náttúrufræðistofnun telur að sú ákvörðun um að fella út þynningarsvæði þurfi að rökstyðja vel með tillit til vöktunar og mengunarmælinga.

Kanna á nýtingu vindorku sem virkjanakost innan sveitarfélagsins. Heimila á að reisa stakar vindmyllur, allt að 35 m háar. Þetta þarf að skoða vel í tengslum við áhrif á lífríki og landslag. Á bls 33 er nefndur viðauki forsenduheftis sem Náttúrufræðistofnun hefur ekki skoðað en þar eru sjónd á uppdrætti friðlýst svæði þar sem vindmyllur skulu ekki staðsettar og svæði sem þarf að skoða sérstaklega s.s. mikilvæg fuglasvæði. Ekki kemur fram hvort sett eru fjarlægðarmörk vindmylla frá náttúruverndarsvæðum eins og gert er fyrir íbúðar- og frístundabyggð (þ.e. 1 km fjarlægð), en það væri mjög æskilegt. Gera þarf betur grein fyrir þessu í formlegri kynningu á tillögum um aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar.

#### Efnistaka:

Hvalfjarðarsveit er mjög rík af jarðminjum sem tengjast hörfun ísaldarjökulsins af svæðinu. Þessar minjar tengjast lausum jarðlögum, svo sem fornum jökulurðum og strandhjöllum og eru þær eftirsóttar sem efnistökusvæði. Til dæmis hafa Skorholtsmelar verið rannsakaðir allvel og hefur svæðið mikið vísindalegt gildi á landsvísu er varðar hörfun jökulsins í lok ísaldar. Þá finnast á svæðinu steingervingar í setlögum sem tengjast hærri sjávarstöðu í lok ísaldar.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að í vinnslutillögunni á bls. 35 kemur fram að efnistaka verður takmörkuð við núverandi svæði til að vernda sem mest lítt raskað land í sveitarfélaginu. Jafnframt verður gengið frá þeim efnistökusvæðum sem ekki eru í notkun og að forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðum.

Hins vegar telur Náttúrufræðistofnun að gera þurfi heildstæða úttekt á þeim efnistökusvæðum sem eru í notkun og þeim sem má loka. Meta þarf verndargildi lausra jarðlaga innan sveitarfélagsins og, eins og áður hefur komið fram, er ekki æskilegt að efnistökusvæði eða efnislosunarsvæði séu innan verndarsvæða.

Í töflu 27, bls. 59, um umhverfisþætti sem skoðaðir verða, vantar að nefna jarðminjar.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Skipulag" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>

**To:** "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "Landmælingar Íslands - LMI" <lmi@lmi.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "angling@angling.is" <angling@angling.is>; "utivist@utivist.is" <utivist@utivist.is>; "lh@lhhestar.is" <lh@lhhestar.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "natturuvernd@natturuvernd.is" <natturuvernd@natturuvernd.is>;

"landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "landverdir@landverdir.is" <landverdir@landverdir.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "bondi@bondi.is" <bondi@bondi.is>

**CC:** "Ásgeir Jónsson" <asgeir.jonsson@efla.is>; "Anna Bragadóttir" <anna.bragadottir@efla.is>

**Subject:** Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032-1901286

**Date:** 12.11.2021 11:31:26

Til umsagnar og kynningar vinnslutillöga á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt að skipulagstillaga Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagið er enn á vinnslustigi, en nú gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir áður en tillaga fer í formlegt auglýsingaferli.

Tillagan er send bæði sem .jpg mynd og í vefsíðu.

Óskað er eftir umsögn/ábendingar ykkar við tillöguna fyrir 30. nóvember og skal skilað skriflega á netfangið [skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is) eða með bréfpósti stílað á Boga Kristinsson skipulagsfulltrúa, Innrimel 3, 301 Akranesi.

Skipulagsgögn eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins; <https://www.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=9198c08d438a482d8bc241a494d2469f> (<https://www.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=9198c08d438a482d8bc241a494d2469f>)

Hvalfjardarsveit - Vegir í náttúru Íslands (arcgis.com) (<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=9198c08d438a482d8bc241a494d2469f>)

**Vinsamlega staðfestið móttöku.**

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes.

Sími 433 8500

## Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (2 KB)

